

# Afbrotatölfræði

## Apríl 2008

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


Hegningarlagabrot voru færri í apríl síðastliðinn en árið 2007 en fleiri en í apríl 2005 og 2006 (sjá mynd 1). Umferðarlagabrot voru 5592 sem er talsvert fleiri brot en í apríl 2005-2007. Rekja má fjölgunina að miklu leyti til hraðakstursmyndavéla. Fíkniefnabrot voru 22% færri en í apríl í fyrra.

Eins og sjá má á mynd 2 eru afbrot framin allan sólarhringinn. Samkvæmt málaskrá lögreglunnar voru flestar líkamsrásir framdar að næturlagi í apríl, eða tæp 60%. Flest hraðakstursbrot voru framin að degi til, milli hádegis og sex síðdegis en eignaspjöll dreifðust hins vegar frekar jafnt yfir sólarhringinn.


Í töflu 1 má sjá fjölda brota í nokkrum brotaflokkum. Skráð voru 4363 hraðakstursbrot sem er talsverð fjölgun frá því í apríl síðustu tvö ár. Þjófnaðarbrot og eignaspjöll voru einnig fleiri en síðustu tvö ár. Þá voru 169 innbrot tilkynnt lögreglu sem jafngildir tæplega 6 innbrotum á dag og 97 líkamsmeiðingar sem jafngildir um þremur slíkum brotum á dag. Áfengislagabrot voru 44% færri í ár en í fyrra og það sama átti við um akstur gegn rauðu ljósi.

Í byrjun júlí 2007 voru teknar í notkun tvær stafrænar hraðamyndavélar í Hvalfjarðarsveit, sem er í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, og um miðjan janúarmánuð (2008) voru teknar upp sams konar vélar í Fáskrúðsfjarðargöngum, sem er í umdæmi lögreglunnar á Eskifirði.

Á mynd 3 má sjá þróun hraðakstursbrota sem skráð eru með hraðamyndavélum fyrstu fjóra mánuði ársins. Alls voru 1455 brot skráð á höfuðborgarsvæðinu sem er talsverð fjölgun ef litið er til síðustu þriggja mánaða á undan. Brotunum hafði einnig fjölgað í Hvalfjarðarsveitinni sé miðað við janúar, febrúar og mars. Í Fáskrúðsfjarðargöngum voru brotin 123 sem er svipaður fjöldi og í febrúar þegar þau voru 118.




Mynd 1. Fjöldi brota í apríl 2006, 2007 og 2008 eftir tegund brots.



Mynd 2. Hvenær tíma sólarhrings líkamsrásir, eignaspjöll og hraðakstursbrot voru framin í apríl 2008, hlutfall.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í apríl 2006, 2007 og 2008.

|                              | apríl 08 | apríl 07 | apríl 06 |
|------------------------------|----------|----------|----------|
| Hraðakstursbrot              | 4363     | 2128     | 2798     |
| Þjófnaðarbrot                | 268      | 253      | 200      |
| Eignaspjöll                  | 302      | 290      | 296      |
| Innbrot                      | 169      | 173      | 183      |
| Ölvun við akstur             | 181      | 200      | 172      |
| Fíkniefnabrot                | 139      | 178      | 140      |
| Áfengislagabrot              | 61       | 108      | 121      |
| Líkamsmeiðingar (217 og 218) | 97       | 107      | 82       |
| Akstur gegn rauðu ljósi      | 42       | 75       | 92       |
| Nyttjastuldur                | 33       | 37       | 36       |



Mynd 3. Hraðakstursbrot í apríl 2008 sem skráð voru með staðbundnum hraðamyndavélum.

# Afbrotatölfræði

## Apríl 2008

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í apríl 2006, 2007 og 2008 eftir umdæmum.

| Umdæmi            | Hegningarlagabrot |      |      | Umferðarlagabrot |      |      | Fíkniefnabrot |      |      |
|-------------------|-------------------|------|------|------------------|------|------|---------------|------|------|
|                   | 2008              | 2007 | 2006 | 2008             | 2007 | 2006 | 2008          | 2007 | 2006 |
| Akranes           | 14                | 22   | 25   | 154              | 115  | 114  | 6             | 3    | 0    |
| Akureyri          | 59                | 88   | 41   | 142              | 288  | 310  | 3             | 3    | 11   |
| Blönduós          | 0                 | 5    | 1    | 60               | 172  | 274  | 0             | 0    | 0    |
| Borgarnes         | 9                 | 14   | 7    | 1437*            | 180  | 205  | 1             | 9    | 6    |
| Eskifjörður       | 5                 | 13   | 12   | 207*             | 220  | 71   | 0             | 2    | 1    |
| Húsavík           | 1                 | 13   | 1    | 47               | 43   | 21   | 1             | 0    | 0    |
| Hvolsvöllur       | 3                 | 3    | 7    | 182              | 139  | 126  | 0             | 0    | 0    |
| Höfuðborgarsvæðið | 804               | 778  | 722  | 2606*            | 1647 | 2665 | 87            | 136  | 93   |
| Sauðárkrókur      | 5                 | 8    | 4    | 24               | 85   | 39   | 1             | 2    | 1    |
| Selfoss           | 52                | 54   | 46   | 198              | 400  | 270  | 6             | 5    | 7    |
| Seyðisfjörður     | 4                 | 3    | 4    | 79               | 122  | 37   | 0             | 0    | 1    |
| Snæfellsnes       | 4                 | 4    | 4    | 94               | 58   | 76   | 0             | 0    | 1    |
| Suðurnes          | 78                | 64   | 72   | 220              | 280  | 387  | 32            | 13   | 14   |
| Vestfirðir        | 29                | 14   | 15   | 119              | 67   | 40   | 1             | 3    | 5    |
| Vestmannaeyjar    | 7                 | 10   | 13   | 23               | 39   | 22   | 1             | 2    | 0    |
| Alls              | 1074              | 1093 | 974  | 5592             | 3855 | 4657 | 139           | 178  | 140  |

\*Af 1.437 umferðarlagabroti í Borgarnesi 2008 voru 1.288 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

\*Af 207 umferðarlagabrotum á Eskifirði 2008 voru 123 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

\*Af 2.606 umferðarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu voru 1.455 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota í apríl 2006-2008 eftir umdæmum.

Hegningarlagabrot voru almennt færri í umdæmunum í apríl þetta árið en í apríl 2007. Athygli vekur að ekkert slíkt brot var framið á Blönduósi og aðeins eitt á Húsavík. Brotin voru fleiri en í fyrra á höfuðborgarsvæðinu, Seyðisfirði, Suðurnesjum og Vestfjörðum. Á Vestfjörðum voru brotin 107% fleiri ef borið er saman við aprílmánuð í fyrra.

Þegar litið er til umferðarlagabrota má sjá að fjöldi þeirra í Borgarnesi var 1.437 brot sem er margföld fjölgun brota samanborið við síðustu tvö ár. Af þeim voru 1.288 hraðakstursbrot skráð með stafrænum myndavélum. Brotin voru einnig fleiri á Akranesi, Húsavík, Hvolsvelli, Snæfellsnesi og Vestfjörðum.

Fíkniefnabrot voru samtals 139 í apríl sem er nánast sami fjöldi og í apríl 2006 þegar brotin voru 140. Brotin voru hins vegar 178 í apríl 2007.

### Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. maí 2008 og eru tölur fyrir árin 2007 og 2008 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað, jafnvel þó skráning málanna fari fram á Snæfellsnesi. Er það breyting frá mánaðarskýrslum í júlí til desember 2007 þegar brotin voru skráð undir lögregluembættið á Snæfellsnesi.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.